



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

**Sýslumaðurinn á Vestfjörðum**  
**Aðalstræti 92**  
**450 Patreksfjörður**

Ísafjörður, 9. mars 2018  
2018010057

## **Efni: Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa**

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumanninum á Vestfjörðum, 26.02.2018 þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar á umsókn Grétars Helgasonar f.h. Thai Carern Rungruang, vegna umsóknar um rekstrarleyf til að reka veitingastaðinn Thai Tawee. Um er að ræða til veitingu veitinga í flokki II, A, að Hafnarstræti 9-13, Ísafirði.

Flokkur II, er umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Tegund: A, Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Í veitingahúsi skal vera starfandi maður með fullnægjandi þekkingu í framleiðslu.

Hafnarstræti 9-13, fastanr. 225-5310 matshlutti 0106 er skráð á byggingarstig 7, sem er fullgerð bygging. Húsið er á svæði sem skilgreint er sem miðsvæði í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Ákvæði skipulagsins fyrir miðsvæði eru eftirfarandi. Gert er ráð fyrir því að á svæðinu byggist upp þéttur og líflægur aðlaðandi kjarni með fjölbreyttri, verslun, þjónustu og íbúðum.

Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis með vísan í umsögn HEV dags. 06.03.2018

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar fellst á að ofangreint leyfi verði veitt miðað við 40 manns, með vísan í umsögn eldvarnareftirlits dags. 08.03.2018

Með vísan í ofangreint gerir skipulags- og byggingafulltrúi ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis

Virðingarfyllst,  
  
Axel Rögnvaldsson Överby  
- skipulags- og byggingafulltrúi -  
